

5.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps  
kjörtímabilið 2022-2026, vegna Undralands  
20.mars 2022 kl. 16:00 í leikskólanum Undralandi

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritar fundargerð. Einnig sóttu fundinn Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri, Valdís Magnúsdóttir fulltrúi starfsfólks, Ragnheiður Kjartansdóttir fulltrúi foreldra og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Staðan á starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans.
3. Drög að skóladagatali 2023-2024-umræða.
4. Framkvæmdir sumarsins.

Fundargögn

Drög að skóladagatali 2023-2024.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir við fundarboð.

1. Skýrsla leikskólastjóra.

Ingveldur leikskólastjóri fór yfir starfið á leikskólanum síðustu misseri og hvað er á döfinni. Ýmsar áskoranir hafa verið í tengslum við að manna stöður starfsmanna leikskólans. Töluvert hefur verið um veikindi bæði starfsmanna og barna síðustu mánuði. Starfið gengur vel og starfsmenn öflugir í halda úti faglegu starfi og gera starfið skemmtilegt.

2. Staðan á starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans.

Leikskólastjóri óskaði eftir að umræðu um skólanámskrá og starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár 2022-2023 yrði frestað til næsta fundar skólanefndar. Þessi skjöl eru í yfirferð/vinnslu hjá leikskólastjóra. Leikskólastjóri telur að það þurfi að vinna að nýrri skólanámskrá frá grunni þar sem margt í starfinu hefur breyst síðustu ár. Farið var yfir málið og samþykkt að starfsáætlunin og skólanámskrá liggi fyrir á næsta fundi skólanefndar vegna Undralands.

3. Drög að skóladagatali 2023-2024.

Lögð voru fram drög að skóladagatali fyrir komandi skólaár 2023-2024. Útfærslur á skóladagatali ásamt hugmyndum um vinnutímastyttingu ræddar. Samþykkt að fresta staðfestingu á skóladagatali til næsta fundar.

VM

BYJ

KP

BR

AK

4. Framkvæmdir sumarsins.

Farið var yfir það sem þarf að gera í viðhaldi í sumar er tengist leikskólahúsnæðinu og útisvæðinu. Ingveldur lagði fram tímasettan framkvæmdarlista til ársins 2025 um það sem þarf að gera. Nauðsynlegt er að raða verkefnum í samræmi við það fjármagn sem lagt er til framkvæmda í fjárhagsáætlun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:55.

Alldis Halldórsdóttir

Ólafur Magnússon

Þjórnun Vidar Jónsson

Katrin Þorvaldsson  
Ráðgjafi Kyrtausel  
Ingv. Eiríks.

Handa Hönnetel